



# NAUSTASKÓLI

*Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!*

Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats 2022

Lokaskýrsla 15. maí 2022

## Inngangur

Haustið 2018 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunarinnar úttekt á starfsemi Naustaskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun og fagleg forysta, nám og fagleg kennsla og innra mat. Niðurstöður úttektarinnar voru settar fram í skýrslu sem var birt í desember 2018 en kynntar fyrir starfsfólki 4. janúar 2019 og fyrir skólaráði í sama mánuði.

Í febrúar 2019 fóru starfsmenn yfir þá þætti sem þarf að bæta og komu fram með sínar hugmyndir um umbætur. Í framhaldi af því var unnið úr tillögum starfsmanna og umbótaáætlun sett fram. Skólaráð fékk áætlunina til yfirferðar á fundi 13. febrúar 2019.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Í umbótaáætluninni kemur sérhver tilaga til úrbóta úr skýrslunni fyrir í sömu röð og þær eru í skýrslunni.

Hér fyrir neðan er endurmat á umbótaáætlun frá ársbyrjun 2019 sett fram sem framvinduskýrsla. Þeim þáttum/markmiðum sem hefur verið náð eru merkt með grænu, þeir þættir/markmið sem eru í framvindu en ekki hefur verið náð að klára er merkt með gulu. Þættir/markmið sem ekki hafa náðst eru merktir með rauðu.

Lokamat lagt á umbótaþætti í maí 2022 af gæðaráði Naustaskóla og lokaskýrsla kynnt fyrir skólaráði 19. maí 2022.

Gæðaráð Naustaskóla: Arna Ýr Guðmundadóttir, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir, Harpa Friðriksdóttir og Bryndís Björnsdóttir.

**22. maí 2022**

**Bryndis Björnsdóttir, skólastjóri.**

## 1. Stjórnun og fagleg forysta

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið /lok	Hvernig/ hvenær mælt	Ábyrgð
Kynning á skólastarfinu og umræða um skólamál	Stjórnendur þurfa að halda sérstöðu skólans á lofti	Leitast við að fá gamla nemendur til að segja frá og birta í fréttabréfi. Fjalla um einstaka þætti í skólastarfinu í fréttabréfi skólans. Auka samstöðu starfsfólks um skólann.	Næstu þrjú skólaár. Byrjar skólaárið 2019 - 2020 og lýkur skólaárið 2021- 2022	Í foreldrakönnunum skólapúlsins og starfsmannakönnunum og starfsmannaviðtölum. <b>Í ferli - Árlega sett í innra mat skólans</b>	<b>Skólastjórnendur</b>
<b>Skóla- og nærsamfélag</b>	Vinna þarf að því að skólinn verði miðstöð í hverfinu.	Stuðla að sameiginlegri vorhátíð fyrir leik og grunnskóla hverfisins	Næstu þrjú skólaár. Byrjar skólaárið 2019 - 2020 og lýkur skólaárið 2021- 2022	Með spurningarkönnun þar sem skoðun foreldra á stöðu skólans sem miðstöð <b>ólokið (í ferli)</b>	Skólastjórnendur, skólaráð og hverfisráð.
<b>Vinna með traust og agamál</b>	Auka þarf traust foreldra á stjórnun skólans og hvernig tekið er á agamálum.	Stjórnendateymi leitist við að vera samstíga í ákvörðunum og hvernig tekið er á agamálum. Efla þarf fræðslu um jákvæðan aga til foreldra og starfsfólks.	Byrjar haust 2019 – lýkur vor 2022. Fræðsla tvisvar á skólaári til starfsfólks. Regluleg foreldranámskeið um jákvæðan aga.	Foreldrakönnun skólapúlsins. <b>Lokið</b>	Skólastjórnendur
<b>Skólaráð</b>	Skólaráð haldi einn opinn fund á skólaári fyrir skólasamfélagið.	Boðað til opins fundar skólaráðs í nóvember ár hvert. Hefur ekki verið hægt vegna Covid	Næstu þrjú skólaár. Byrjar skólaárið 2019 – 2020, lýkur skólaárið 2021 -2022.	Í foreldrakönnun skólapúlsins. Með þátttökuathugun á	Skólastjóri

				opnum skólaráðsfundum. <b>Í ferli v. Covid19</b>	
<b>Bekkjarfundir</b>	Halda þarf betur utanum form bekkjarfunda og til hvers þeir eru notaðir.	Auka fræðslu um bekkjarfundi og Jákvæðan aga til kennara. Regluleg eftirfylgd stjórnenda	Næstu þrjú skólaárin. Byrjar skólaárið 2019 – 2020 – lýkur að vori skólaárið 2021 – 2022. Fræðslufundir um bekkjarfundi að hausti og á vorönn á hverju skólaári.	Með matstæki tengdum Jákvæðum aga <b>Lokið</b>	Skólastjórnendur
<b>Eftirfylgd stjórnenda</b>	Stjórnendur þurfa að fylgjast markvissar með kennslu á vettvangi.	Heimsóknir í teymi á sex vikna fresti. Skipulag yfir heimsóknir með dagsetningum sett fram í upphafi skólaárs. Gátlisti notaður til að meta kennslu á vettvangi.	Byrjar í febrúar 2019 – endurskoðað með innra mati skólans í lok hvers skólaárs. Áætlun sett í starfsáætlun skólans á hverju skólaári.	Í starfspróunarsamtölum. Í innra mati skólans á hverju skólaári. <b>Lokið - verklagi komið á og áætlun sett í starfsáætlun skólans.</b>	Skólastjóri.
<b>Fundaskipulag</b>	Gæta þarf þess að kennarar hafi tíma til að bera ábyrgð.	Festa einungis tvo tíma til fundahalda hjá kennurum til að auka svigrúm.	Byrjar skólaárið 2019 - 2020 og lýkur að vori skólaárið 2021 -2022	Í starfspróunarsamtölum og með rýnihópaviðtölum við kennara. <b>Lokið – ítarlegt fundarskipulag sett fram á hverju hausti.</b>	Skólastjóri

## 2. Nám og fagleg kennsla

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið /lok	Hvernig/ hvenær mælt	Ábyrgð
<b>Námsvísar/námsáætlanir</b>	Námsaðlögun þarf að koma betur fram í	Endurskoða þarf form kennsluáætlana með	Framkvæmd hafin skólaárið 2019 –	Eftirfylgd stjórnenda með reglulegri rýni í	Skólastjórnendur

	námsvísun/ kennsluáætlunum.	hliðsjón af námsaðlögun og stefnu Naustaskóla. Gera þarf form með viðmiðunum sem kennurum skólans er gert að fara eftir.	2020. Lýkur að vori skólaárið 2021 -2022.	námsáætlanir, í vettvangsferðum og í samtölum við kennara og foreldra. <b>Ólokið - er í ferli.</b>	
<b>Námsmat.</b>	Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.	Upplýsa þarf foreldra og nemendur betur um hvernig unnið er með markmið í skólanámskrá sem myndar aðalstoðina í námsmati skólans. Þar eð foreldrum og nemendum á ætíð að vera ljóst hvaða markmiðum er unnið að, hverjum hafi verið náð og hver séu framundan. Gera þarf form með viðmiðunum aðgengilegra fyrir foreldra og nemendur.	Framkvæmt skólárið 2019 – 2020.	Með spurningarlistum til foreldra á vorönn 2020 <b>Lokið.</b>	
<b>Stundarskrá.</b>	Skipuleggja þarf betur tíma milli íþróttakennslu/sund og annara kennslustunda.	Gera þarf ráð fyrir lengri tíma á milli íþróttatíma/ sundtíma og annarra kennslustunda í stundartöfluramma.	Næstu þrjú skólaár. Byrjar skólaárið 2019 -2020, lýkur skólaárið 2021 -2022.	Matsteymi skoðar tilhögun í lok hvers skólaárs næstu þrjú árin. <b>Lokið</b>	Skólastjóri
<b>Samþætting Námsgreina.</b>	Skólinn nýti betur tækifæri til samþættingu námsgreina á öllum skólastigum.	Huga þarf að fræðslu til kennara um fyrirkomulag samþættingu námsgreina. Auka þarf á markvissan hátt jafningjastuðning innan skólans þar sem kennarar miðla	Haust 2019 – framtíðarverkefni sem fer inn í starfsáætlun á hverju hausti.	Matsteymi skoðar kennsluáætlanir að hausti og ársskýrslur teyma að vori. Þær upplýsingar síðan nýttar til eftirfylgni og fræðslu. <b>Ólokið/ í ferli</b>	Skólastjórnendur.

		hugmyndum sýnum um samþættingu. Leggja þarf áherslu á að samþætting námsgreina komi skýrt fram í kennsluáætlunum. Setja þarf fasta þemadaga þvert á skólann á skóladagatal hvers skólaárs með áherslu á samþættingu námsgreina.			
<b>Nemendasamtöl.</b>	Nemendasamtöl verða haldin reglulega.	Umsjónarkennarar taki einstaklingsviðtöl við nemendur tvisvar á hverri önn og skrái í Mentor.	Næstu þrjú skólaár. Byrjar skólaárið 2019 -2020, lýkur skólaárið 2021 -2022.	Rafræn könnun meðal kennarar í júní 2020.  Matsteymi skoðar hvort þetta hafi náðst - júní 2020 <b>Lokið</b>	Skólastjórnendur.
<b>Námsumhverfi.</b>	Huga þarf að nemendum sem draga sig úr hópnum.	Huga þarf betur að námsumhverfi nemenda og skipulagi á svæðum., Leggja þarf áherslu á námsaðlögun og gerð einstaklingsnámskrár. Auka vægi verkefnamiðaðs náms og samvinnunáms á öllum stigum. Leggja áherslu á sjónrænt skipulag og skipulag í námsumhverfi.		Skólastjórnendur skoða hvort þetta hafi náðst með vettvangsferðum í desember og febrúar.- næstu þrjú skólaár. Byrjar skólaárið 2019 -2020, lýkur skólaárið 2021 - 2022. <b>Lokið</b>	Skólastjórnendur
<b>Stundvísi</b>	Leggja þarf áherslu á stundvísi nemenda.	Fylgja þarf eftir verklagsreglum um ástundun. Ræða þarf reglulega við nemendur		Skólastjórnendur skoða ástundun nemenda í nóvember, janúar og apríl	Skólastjóri

		um stundvísi. Skrá þarf með formlegum hætti ástundun í Mentor.		og grípa til viðeigandi aðgerða sé þess þörf. <b>Lokið – skýrir verkferlar</b>	
<b>Ábyrgð nemenda á Eigin námi.</b>	Koma á eigin markmiðssetningu í námi. hjá öllum nemendum skólans.	Með nemendasamtölum tvisvar á vetri skal tryggt að kennari og nemandi ræði markmið vetrarins. Á þann hátt er nemendum kennt/leiðbeint að áætla heildarmarkmið vetrarins. Nemendum er kennt/leiðbeint að áætla og setja sér markmið í þeim námsgreinum sem þeir vinna í hverju sinni. Lögð verður áhersla á að námsmarkmið sem unnið er að hverju sinni verði nemendum sýnileg.	Þessi vinna er þegar hafin og unnið verður áfram að þessu markmiði skólaárið 2019 – 2020. – 2021 - 2022	Skólastjórnendur skoða starfs- og kennsluáætlanir kennarateyma ásamt eftirfylgd á vettvangi. Ný markmið og eftirfylgd ákveðin út frá þeim niðurstöðum. <b>Ólokið</b>	Skólastjóri

### 3. Innra mat

Verkefni	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið /lok	Hvernig/ hvenær mælt	Ábyrgð
<b>Innra mat.</b>	Mat á kennslu og fagmennsku kennara þarf að fara fram reglulega.	Leggja áherslu á að kennarar fái endurgjöf á kennsluáætlanir. Lögð áhersla á reglulegt jafningjamat á meðal kennara sem byggist á innliti kennarar í kennslustundir hjá	ágúst 2019 – júní 2020 ágúst 2020 – júní 2021 ágúst 2021 – júní 2022	Matsteymi fer yfir matsgögn og niðurstöður úr jafningjamati og vettvangskonnum stjórnenda. Umbótaáætlun lögð	Skólastjóri

		<p>öðrum. Búinn til gátlisti fyrir jafningja -matið. Stjórnendur fara tvisvar á hverri önn í vettvangs - athugun á svæðin.</p> <p>Skipa þarf matsteymi kennara og stjórnenda.</p>		<p>fram í framhaldi þeirrar vinnu.</p> <p><b>Lokið</b></p>	
<b>Eftirfylgd umbóta.</b>	<p>Þegar niðurstöður mats liggja fyrir þurfa að eiga sér stað samræður um þróun og umbætur.</p>	<p>Huga að því að í ágúst sé farið yfir niðurstöður innra mats með starfsfólki ásamt umbótatillögum. Niðurstöður kynntar fyrir skólaráði og foreldrum í fréttabréfi skólans ásamt umbótaáætlunum. Umbótaáætlanir og markmið koma fram í starfsáætlunum teyma og ársáætlunum.</p>	<p>Skólaárið 2019 -2020</p> <p>Leitast verður við að þessi vinnubrögð festi sig í sessi í skólastarfinu og komi fram í starfsáætlun hvers skólaárs.</p>	<p>Stöðumat gert á innanhússpíngi í júní þar sem umbótaáætlun vetrarins er yfirfarin og sett markmið metin.</p> <p><b>Lokið</b></p>	Skólastjóri
<b>Gæðaráð</b>	<p>Mynda þarf teymi sem ber ábyrgð á innra mati með fulltrúum hagsmunaaðila.</p>	<p>Skipa þarf matsteymi með fulltrúum hagsmunaaðila til tveggja ára í senn.</p>	<p>Upphaf skólaárið 2019 - 2020</p>	<p>Matsteymi fundar með stjórnendum í júní ár hvert. <b>Lokið</b></p>	Skólastjóri.
	<p>Auka þarf eftirfylgd með umbótatillögum.</p>	<p>Reglulegt jafningjamat verður tekið á meðal kennara sem byggist á innliti kennarar í kennslustundir hjá öðrum. Búinn til gátlisti fyrir jafningja -matið.</p>	<p>Hefst skólaárið 2019 - 2020</p> <p>Leitast verður við að þessi vinnubrögð festi sig í sessi í skólastarfinu og komi</p>	<p>Rafræn könnun meðal starfsfólks í maí ár hvert.</p> <p>Niðurstöður hennar og jafningjamats dregnar saman sem drög að</p>	Skólastjórnendur



		Stjórnendur fara tvisvar á hverri önn með gátlista byggðan á umbótaáætlun í vettvangsathugun á svæðin.	fram í starfsáætlun á hverju skólaári.	umbótaráætlun og nýjum markmiðum. <b>Ólokið/í vinnslu</b>	
--	--	--	--	--	--